

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/961  
komudagur 22.1.2010

Reykjavík, 21. janúar 2010  
Tilvísun 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, 259. mál.**

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, 259. mál.

Kauphöllin telur að skýra þurfi betur þær reglur sem gilda um töku hlutabréfa hlutafélagasjóða til viðskipta. Í 3. tl. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að hlutafélagasjóður sé fjárfestingarsjóður sem rekinn er sem hlutafélag og gefi út hlutabréf en ekki hlutdeildarskírteini. Í 5. mgr. 66. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði 51.–53. gr. frumvarpsins um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum gildi um hlutafélagssjóði, eftir því sem við getur átt. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur eftirfarandi fram um 66. gr. frumvarpsins: „Telja verður að þær upplýsingar sem fram koma í útboðslýsingum sjóða henti betur fyrir starfsemi hlutafélagssjóða en upplýsingar í skráningar- og útboðslýsingum almennra hlutafélaga sem skrá hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði. Þar sem hlutafélagssjóðir geta verið skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er nauðsynlegt að regluverk um útboðslýsingar og viðvarandi upplýsingaskyldu skráðra félaga taki mið af þessu.“ Í 2. tl. 6. mgr. 66. gr. kemur fram að í samþykktum hlutafélagssjóðs skuli vera ákvæði um innlausn, ef við á. Samkvæmt þessu er ekki fortakslaus innlausnarskylda fyrir hlutafélagasjóði. Í tl. 1. gr. 42. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti segir:

*„Ákvæði kafla þessa eiga ekki við um:*

*1. sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem hafa eingöngu það markmið að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirframkunngerðri fjárfestingarstefnu og gefa út hlutdeildarskírteini eða hluti sem eru innleysanlegir að kröfu eigenda af eignum sjóðsins.“*

Samkvæmt ofangreindu þá gilda mismundi reglur um töku hlutabréfa hlutafélagasjóða til viðskipta, þ.e. eftir því hvort hlutabréfin séu innleysanleg eða ekki að kröfu eiganda þeirra. Þá tekur Kauphöllin ekki undir það sjónarmið sem kemur fram í greinargerð með 66. gr. frumvarpsins, þ.e. að þær upplýsingar sem fram koma í útboðslýsingum sjóða henti betur fyrir starfsemi hlutafélagssjóða en upplýsingar í skráningar- og útboðslýsingum almennra hlutafélaga sem skrá hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði. Í viðauka með reglugerð nr. 243/2006 um töku hluta til viðskipta, þ.e. COMMISSION REGULATION (EC) No 809/2004 – Annex XV (collective undertakings of the closed-end type), eru ýmis ákvæði um upplýsingaskyldu vegna útgefandalýsinga sem eru sniðnar að sjóðum. Það er því beinlínis gert ráð fyrir því í þessar reglugerð að taka hluta hlutafélagasjóða til viðskipta falli undir lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þá verður að hafa það í huga að upplýsingaskylda vegna töku hluta hlutafélagasjóða til viðskipta, verði ekki vægari en tilefni gefi til. Almenn skal velja þá viðauka í fyrrnefndri reglugerð sem á best við viðkomandi verðbréf, með hagsmuni fjárfesta og markaðarins að leiðarljósi.

Í 67. gr. frumvarpsins eru tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfavíðskipti. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvaða lög skuli gilda um hluti hlutafélagssjóða ef hlutirnir eru teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. gilda lögin um verðbréfavíðskipti þá? Þá er í sama ákvæði vísað til þess að ákvæði IX.-XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti gildi um hlutafélagssjóði. Samkvæmt þessu þá gilda ákvæði laganna um flagganir, tilboðsskyldu og meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, óháð því hvort hlutir hlutafélagssjóðanna hafa verið teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en gildissvið þessara kafla er miðað við hluti/verðbréf/fjármálagerninga sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Til þess að koma í veg fyrir ágreining um það hvaða reglur skuli gilda þegar hlutir hlutafélagssjóða eru teknir til víðskipta telur Kauphöllin nauðsynlegt að leyst verði úr ofangreindum álitaeftum í frumvarpinu áður en það verður að lögum, annað hvort í lögunum sjálfum eða í greinargerð laganna.

Virðingarfyllst,



Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
lögfræðingur.